

Forrrannsókn við Stóragerði (Gerði) í Vestmannaeyjum



Bjarni F. Einarsson
2023

Forsíðumyndin sýnir grip nr. 50, brot úr könnu (Bartmannskrús) sem fannst í
ruslahaugnum. 16.-17. öld. Gripurinn glataðist í bílslysi. (Ljósm. BFE.).

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Vestmannaeyjabæ

© Bjarni F. Einarsson

Reykjavík september 2023

Inngangur

Að beiðni Vestmannaeyjabæjar og að kröfu Minjastofnunar Íslands kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit við Stóragerði og umfang minja Stóragerðis (Gerðis) á túni á milli gatnanna Litlagerðis og Stóragerðis. Einnig voru minjarnar skráðar í gagnagrunn Fornleifafræðistofunnar.

Rannsóknin fór fram dagana 12.–25. apríl síðastliðinn. Aðstæður voru erfiðar, gjarnan votviðrasamt og talsverður vatnsagi á sjálfum hólnum (uppstreymi), en ágætt þess á milli.

Tilfni rannsókna var að Vestmannaeyjabær vinnur að deiliskipulagi á svæðinu og því þurfti að kanna umfang minja um Stóragerði og fleiri minja á svæðinu svo hægt væri að taka tillit til þeirra eftir atvikum.

Starfsmenn rannsókna, auk undirritaðs, voru þeir dr. Jakob Orri Jónsson fornleifafræðingur, Sigbór Bjarmi Geirsson fornleifafræðnemi og Þorgeir Eiríksson aðstoðarmaður og gröfumaður.

Aður en að rannsókninni kom var svæðið ljósmyndað úr lofti (dróni) og stafræn myndavél var notuð eftir því sem rannsókninni vatt fram auk drónamynda.

Að lokinni rannsókn var gengið frá svæðinu eins og að var komið eða því sem næst.

Fulltrúi verkkaupa var Dagný Hauksdóttir skipulags- og umhverfis-fulltrúi hjá Vestmannabæ.

Staðhættir.


Svæðið er mishæðótt og rís hæst að norðvestanverðu þar sem bærinn Stóragerði stóð. Að öðru leyti er það slétt enda voru þar tún bæjarins. Efst á hólum er brunnur og það þýðir að þar hefur vatn komið upp og sýndi það sig að allar rannsóknarholur efst á hólum fylltust af vatni á skömmum tíma (bæði vegna rigninga en ekki síst vegna uppstreymis).

Svæðið afmarkast af Stóragerði í suðri, Litlagerði í norðri, Helgafellsbraut í austri og línu frá Litlagerði 13 til suðurs að Stóragerði 10.

Svæðið var skráð eftir að aðalrannsókninni var lokið (Bjarni F. Einarsson 2023).



Mynd 1. Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Númer sýna staðsetningu einstakra minja/fornleifa. Sjá nánari staðsetningu á mynd 2. (Drónamynd 2023-3-2. Ljósm. BFE).



Mynd 2. Nákvæm staðsetning minja/fornleifa á rannsóknarsvæðinu. Bláir fletir sýna ungar minjar sem ekki er talin þörf á að kanna frekar að mati höfundar. Rauðir fletir sýnir fornleifar, sem þarf að kanna nánar að mati höfundar sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.



Mynd 3. Yfirlit yfir leitarskurði á rannsóknarsvæðinu. (Drónamynd nr. 5. Ljós. BFE).

Markmið

Rannsóknin var gerð að kröfu Minjastofnunar Íslands vegna deiliskipulags og fyrirhugaðra húsbygginga á reitnum. Lagt var mat á menningarlandslagið (með fornleifaskráningu þess) og tilraun gerð til að afmarka bæjarhólinn þar sem Stóragerði (Gerði) stóð fyrrum. Einnig var þess freistað að finna ummerki um fleiri minjar á öllu rannsóknarsvæðinu. Sérstaklega var þess krafist að forðast að grafa djúpt í bæjarhólinn. Við þessa rannsókn var notast bæði við vélgröfu og handvirkann uppgröft þegar um mannvistarlög var að ræða. Reynt var að aldursgreina rústir þær sem kynnu að finnast. Engin gjóskulög fundust sem notast mátti við (önnur en frá gosinu 1973). Því varð að treysta á gripagreiningu, byggingarefni og upplýsingar heimamanna.

Minjar fyrir rannsókn

Greina mátti mis vel allar minjarnar á vettvangi fyrir rannsókn, nema öskuhauginn. Lýsing á þeim er gerð eftir að búið var að grafa leitarskurði við minjarnar og þá kom í ljós að yfirborðsgreining var ekki nákvæm.

Rannsóknin

Eftir að búið var að taka drónamyndir af svæðinu var hafist handa við að grafa leitarskurði austast á svæðinu og svo áfram til vesturs. Fyrsti skurðurinn fékk heitið; Langskurður 1 og svo koll af kolli. Þvert á þessa skurði voru svo Þverskurðir grafnir. Var lengd hverrar holu á leið Langskurðanna 3–4 m í fyrstunni en voru svo lengdir eftir atvikum og þörfum. Hver hola (skurður) í einstökum langkurðum var númeruð í réttri röð frá austri til vesturs (sjá mynd 3).

Teknar voru stafrænar ljósmyndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og drónamyndir eftir þörfum. Fljótlega kom í ljós að mest af minjunum og gripunum var frá seinni tíð og því þótti ekki ástæða til að mæla þá inn með meiri nákvæmni en að tengja þá við skurðina og dýptina undir yfirborði.

Gripirnir úr hvejum skurði fyrir sig voru flokkaðir í efnisflokka, númeraðir og ljósmyndaðir. Aðeins úrval gripa sem töldust eldri en 1900 voru teknir til handargagns, en hinum fargað. Allir gripir úr öskuhaug voru varðveittir og eins var með allt leirtau sem fannst við yngri og eldri bæinn. Gler var ekki varðveitt nema einstaka brot úr gamla bænum. Einstökum yngri gripum var þó haldið til haga ef þeir höfðu ákveðna sögu að segja.

Gripirnir lentu í bílslysi og fáeinir fundapokar týndust við það, en það voru 14 fundanúmer. Í fundaskrá kemur fram hverjir týndust og hverjum var fargað. Endaleg förgunarstefna verður tekin í samráði við Þjóðminjasafn Íslands.

Langskurðir-þverskurðir

Flest allir Langskurðir koma við sögu þegar einstökum minjum/fornleifum er lýst hér að neðan, utan Langskurður 2, sem var syðsti skurðurinn. Þar voru 12 leitarskurðir (holur) grafnir sem voru flestir 3 m langir. Mannvistarlagsskellur fundust hér og hvar og í holu 9 fannst járnhjól úr landbúnaðartæki og þar hjá bárujárnsbrot, allt jafn lagnt undir yfirborði. Engin hús komu í ljós. Eitt fundanúmer með fjórum brotum var skráð og var það úr holu 8 (Fnr. 23). Líklega er það leirtau frá 17. öld. Dýpt holanna var á bilinu 0,26–0,58, yfirleitt um 0,56 m djúpar.

Þverskurðirnir voru þrír og gripir fundust aðeins í Þverskurði 3, en engin mannvirki. Voru þetta ung leirkerabrot, öryggi og glerbrot úr vasa.

Í Þverskurði 2 var komið niður á öskuhauginn og mörk hans greinileg í suður hlutanum. Annað fannst þar ekki.

Þverskurður 1 fór yfir NA–horn fjóss og hlöðu, en hvorki gripir né mannvirki fundust önnur en steypdur veggur og gólf fjóssins og hlöðunnar.

Þverskurðirnir voru á bilinu 0,28–0,69 m djúpir, gjarnan um 0,45 m.

Nr. 10, brunnur

Brunnurinn er um 1,2 m í þvermál og nú 0,5 m djúpur. Sjá má grjóthleðslur innanvert í brunninum. Hann er vel heill. Samkvæmt frásögn heimafélks stóð brunnurinn inni í síðasta íbúðarhúsi Stóragerðis, en aðrir töldu það ekki svo vera. Rannsóknin bendir til þess að brunnurinn hafi staðið inni í húsinu.

Brunnurinn var ekki rannsakaður, en lítill vafi á því að hann hefur verið hluti af Stóragerði (Gerð) um langan tíma. Hann er mikilvægur hluti af sögu vatnsbóla í Vestmannaeyjum. Stendur hann „*furðulega*“ hátt, nánast efst á hólnum. Skýringin hlýtur að vera sú að



Mynd 4. Brunnurinn. Sjá má grjóthleðslur í brunninum. (Fornl. nr. 10. Horft mót NA. Ljósmynd BFE).

þarna er uppstreymi vatns. Við rannsóknir á fornleifum nr. 11, í skurði 2 í yngri bæinn, spratt upp vatn fáeina metra frá brunninum þó engar væru rigningarnar og þvarr það aldrei á meðan á rannsóknum stóð. Það er mat höfundar að ekki eigi að hrófla við brunninum.

Nr. 11, hús (yngsta íbúðarhús Stóragerðis)

Rannsóknin benti til þess að húsið hafi verið a.m.k. 11 m langt og 10 m breitt. Ekki var hægt með góðu móti að meta umfang hússins fyrir rannsókn. Var þetta síðast íbúðarhús Stóraagerðis sem var byggt um aldamótin 1900 og rífið um 1970. Líklega er stærð hússins vanmetin hér og að húsið hafi náð lengra til austurs. Í grunni hússins að suðvestanverðu kom í ljós steypa og sjá má steiptan vegg á ungri ljósmynd frá því um 1950.

Í húsið voru fimm skurðir grafnir, allir 0,8 m breiðir. Skurður 1 var grafinn vestast og var hann 0,29–0,4 m djúpur frá vestri til austurs.

Skurður 2 var frá norðri til suðurs og var dýpt hans 0,05–0,47 m. Upp úr þessari holu spratt strax vatn og var streymið sífellt.

Skurður 3 lá frá austri til vesturs og var hann 0,2–0,37 m djúpur.

Skurður 4 lá frá suðri til norðurs og var hann 0,19–0,65 m djúpur. Suður úr austurenda skurðar 1 var grafinn skurður út fyrir hleðslurnar sem fundist höfðu í skurði 4.

Að lokum var grafinn skurður í miðju hússins sem var 2,20 m djúpur þegar yfir lauk. Ekkert kom þar í ljós sem benti til þess að húsið stæði ofan á eldri minjum. Í honum var mjög lífrænt svart lag sem lyktaði illa. Þetta var ekki mannvistarlag. Hóla þessi fylltist strax af vatni og ekki hægt að komast dýpra, enda engin þörf á því.

Í skurði 3 fundust timburleifar ofan á gjóskunni frá 1973 og voru málningarrestar á þeim.

Í öllum þessum skurðum fundust grjóthleðslur en ekki eiginlegir torfveggir.

Samtals voru 20 fundanúmer skráð í húsinu eftir efnisflokkum og flest með fleiri en einum grip. Voru þetta m.a. rúðu- og flöskugler, leirtau (leirker og flísar), steinkol, skæri, gashylki fyrir kveikjaragas (Ronson), naglar og annað járn, tinna (byssutinna?), brýni úr erlendu flögubergi (norskt?), morkin bein



Mynd 5. Flís og leirtau úr minjum nr. 11, yngsta íbúðarhúsi Stóragerðis. (Fnr. 1).



Mynd 6. Skæri, naglar, járn og kveikjaragas frá Ronson. (Fnr. 4).



Mynd 7. Drónamynd af fjósinu og hlöðunni, minjum nr. 12. (Drónamynd nr. 19. Norður vísar til vinstri. Ljós. BFE).

(þar á meðal þrjú brot úr hvalbeini), patróna (úr 22 kal. byssu?) og skeljar (kúskel?). Mest af þessu ber vott um ungan aldur og telst vart til fornleifa.

Nr. 12, fjós og hlaða

Rannsóknin leiddi í ljós að húsin hafa verið um 12,5 m breið og 17,5 m löng. Ekki var reynt að meta stærð húsanna fyrir rannsókn, enda þeirra ekki vart þá, en ungar heimildir geta þeirra á svæðinu, bæði ljósmyndir og heimamenn. Í ljós kom að allur grunnur húsanna var steptur og höfðu veggirnir verið grafnir niður og þúkk við þá utanvert, en efsta byrði þeirra var rétt undir yfirborðinu. Samtals voru fimm rými í húsunum og var eitt þeirra að húsabaki að austanverðu. Hluti af einu rýmanna var með steptu gólfi og eitt rýmana var súrheysgryfja samkvæmt heimafélki og líklega var það NV-rýmið. Framan við húsin (vestan) var stept stétt.

Ekkert fannst af gripum í húsinu og enginn vafi á því að mannvirkin eru byggð á síðustu öld.

Nr. 13, hús (Nonnahús)

Rannsóknin sýndi að húsið hefur verið um 7 m breitt og rétt rúmir 8 m á lengd. Ekkert fannst af gripum né öðru sem benti til þess að þarna væru eldri minjar en grunnur hússins sjálfs.

Engir gripir fundust í Nonnahúsi. Minjarnar eru ekki fornleifar.



Mynd 8. Yfirlit yfir skurðina yfir Gamla Gerði. Nr. 1 er til vinstri og svo koll af kolli réttisælir. Skurðirnir voru að lokum sameinaðir og mynduðu því kross yfir bæinn. (Drónamynd nr. 24. Norður vísar upp. Ljós. BFE).

Nr. 14, bæjarstæði, eldra íbúðarhúss Stóragerðis

Rannsóknin bendir til þess að húsið hafi verið um 9 m breytt og um 14,50 m langt og snúið í A–V. Hugsanlega er þetta vanmat og að húsið hafi náð lengra til vesturs.

Grafinn var krosssskurður þvert á húsið, í A–V og N–S. Vestasti armurinn fékk heytið skurður 1 og svo koll af kolli réttisælir (sjá mynd 3).

Skurður 1 var 4,9 m langur. Dýpt hans var 0,71 m að vestan og 0,50 m að austan. Mesta dýpt hans var 0,79 m.

Skurður 2 var 6,95 m langur. Dýpt hans var 0,14 m að norðan og 0,55 að austan. Mesta dýpt hans var 0,58 m.

Skurður 3 var 6,50 m langur. Flúttaði hann við yfirborðið að austan og var 0,4 m djúpur að vestan. Mesta dýpt hans var 1,08 m.

Skurður 4 var 2,02 m langur. Dýpt hans var 0,36 m að sunnan og 0,43 m að vestan. Mesta dýpt hans var 0,43 m.

Ytri mörk bæjarins mörkuðust af grjóttveggjum í skurðunum öllum, en eiginlegir torfveggir sáust ekki. Veggurinn var best varðveittur í skurði 2 (í norður) þar sem hann var einungis úr grjóti (sbr. mynd nr. 30 í ljósmyndaskrá).



Mynd 9. Leirtau sem fannst í gamla bænum. (Fnr. 45. Ljós. BFE).

Vart var við tvær kynslóðir húsa og sú yngri illa farin af yngsta íbúðarhúsinu sem getið er hér að framan. Þetta varð ekki ljóst fyrr en komið var niður í eldri kynslóðina.

Varla er nokkur vafi á því að eldri kynslóðir bæjarins eru undir og óraskaðar af þessari rannsókn.

Í húsinu fundust gler (flösku- og rúðugler), járn, leirtau, blý, viðarbútur, brýni (norskt flöguberg), og tinna (byssutinna?). Ekkert af þessu virðist eldra en frá 19. öld.

Húsið hefur verið um 9 x 14,5 m stórt á lokaskeiði sínu. Árið 1890 var tvíbýli í Stóragerði og 7 manns á hvoru heimili (Bréf minjavarðar 22. des. 2020). Árið 1920 var enn tvíbýli en þá 5 manns í heimili á hvorum stað. (sama).

Sú stærð á minjunum sem hér er gefin uppi gæti þótt lítil fyrir svo margt fólk, en svo þarf þó ekki að vera. Er stærðin ekki ólíkt því sem var í Hvolhreppi á sama tíma (Orri Vésteinsson 2008). Meðalstærð híbýla í Hvolhreppi árin 1831–1840 á 5–10 hundraða jörðum (baðstofa, eldhús og búr) var 8 til 15 m² (sama 2008:205). Meðalfjöldi í heimili árin 1831–1920 í Hvolhreppi var 5,88 árið 1840 og 8,83 um 1910.

Í elstu jarðabók landsins frá 1695 er Stóragerði í eigu konungs og fóðraði jörðin 2 kýr og borgaði 11 álnir í skatt. (Björn Lárusson 1967:341).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1704 segir að einbýlt hafi verið í Gerði (Stóragerði) og heimilismenn hafi verið átta. Landskuldin var 1 hundrað og 11 fiskar. Var landskuldin greidd í lýsi og fiskum í kaupstað. Á bænum voru tvær kýr, tveir hestar og 21 kind. Jörðinni fylgdi sauðabeit fyrir 15 sauði í Elliðaey og 11 ær í eyjum. Túnin gáfu tvö kýrfóður svo afla þurfti töðunnar annarsstaðar. (Jarðabók Árna Magnússonar o.fl. 1913–1917:12). Jarðardýrleikinn er ekki gefin uppi, en hann hefur ekki verið meiri en fjögur hundruð.

Húsum skyldi ábúandi halda við. Hjall hafði ábúandinn á Skipasandi og fiskigarða vestan við Landakirkju.

Í Manntali sem tekið var ári fyrr en jarðabókin eru sex í heimili auk Guðmundar. Kona hans Guðrún Jónsdóttir og synir þeirra, Magnús og Ólafur.



Mynd 10. Brýni úr norsku flögubergi sem fannst í gamla bænum. (Fnr. 55. Ljós. BFE).



Mynd 11. Tinna úr gamla bænum. Formið bendir til þess að um byssutinna sé að ræða. (Fnr. 58. Ljós. BFE).



Mynd 12. Krítarpípuleggurinn sem fannst í öskuhaugnum. (Fnr. 29. Ljós. BFE).

Þar voru að auki vinnuhjúin Sveinn Arnoddarson og Ólöf Halldórsdóttir og Jón Guðmundsson ómagi 25 ára. (Manntal 1924–1947:462).

Elsta heimild um Gerði er frá árinu 1507, en þar segir; „*Skrá um landskyldir af Vestmannaeyjum bæði þá (1507) og í fyrri tíð, og á dögum Torfa Arasonar (um 1450), er hann hafði eyjarnar af Daniel, og er það tekið eftir sögn Stranda-Kols.*“ (Ísl. fornbréfasafn 1906–1913:179). Eru svo bæirnir sem um ræðir nefndir þar á eftir og þar á meðal Gerði.

Nr. 15, öskuhaugur

Ekkert sást til öskuhaugsins fyrir rannsókn, en þó mátti greina totu út frá bæjarhólnum til austurs. Norðan við hana lá gamall vegur að bænum. Þegar hola 4 í langskurði 1 var grafinn kom fljótlega í ljós að þarna var öskuhaugur undir. Var hann einnig að finna í holu 5 og náði alla leið að steiptum grunni fjóssins og hlöðunnar. Til að kanna útbreiðslu öskuhaugsins til suðurs var þverskurður 2 grafinn. Ekki þótti ástæða til að kanna hann til norðurs þar sem augljóst var hvar hann endaði. Stærð öskuhaugsins er 17 x 20 m og mesta dýpt hans í vesturenda holu 4 var 1,4 m. Byrjaði öskuhaugurinn beint undir grasrótinni. Í honum voru brennd bein úr fiskum, fuglum og spendýrum, en eiginleg viðarkol nær engin. Það er eftirtektarvert að svo lítið var af viðarkolum sem raun bar vitni. Bendir það til þess að viður hafi lítt verið notaður til eldiviðar, en í staðin hafi bein verið notuð, enda eru heimildir um að fuglar hafi verið notaðir í Vestmannaeyjum sem eldiviður. (heimaslod.is).

Auk beinanna sem fundust í öskuhaugnum fundust þar leirtau, kalksteinn?, tinna, krítarpípuleggur og blý. Einu gripirnir sem hægt var að aldursgreina voru leirtausbrotin, einkum tvö þeirra. Fyrir neðan miðju haugsins í holu 4 fannst brot sem er líklega frá 17. öld (sjá mynd 13). Í holu 5 fannst annað



Mynd 13. Leirtausbrot sem fannst rétt fyrir neðan miðju í öskuhaugnum. Hugsanlega enskt að uppruna og ekki yngri en 1700. (Fnr. 14. Ljós. BFE).

greinanlegt brot og var það úr svokallaðri Bartmanns krús (Skeggkarlskanna) sem er frá 16.-17. öld og líklega framleidd í Þýskalandi, þó England komi einnig til greina (sjá forsiðumynd). Þessi brot voru ekki á botninum þannig að þær sýna ekki hámarksaldur öskuhaugsins.

Umræða og niðurstaða

Markmið rannsóknanna náðist að öllu leiti. Hægt var að afmarka allar minjar. Þær minjar sem teljast hafa minja- og varðveislugildi eru brunnurinn, gamli bærinn (Stóragerði) og öskuhaugurinn. Aðrar minjar eru of ungar til að njóta verndunar laganna eða eru svo nálægt í tíma að minja- og varðveislugildið er mjög lítið.

Þó brunnurinn hafi ekki verið rannsakaður hlýtur hann að vera frá fyrstu tíð búsetu í Stóragerði.

Aðeins yngstu skeið gamla bæjarins voru skoðaðar og voru þær illa farnar, sérstaklega það ynsta. Undir þeim má búast við heillegri minjum, en hversu langt aftur í aldir búseta á bænum nær getur aðeins frekari rannsókn leitt í ljós. Búast má við minjum allt aftur á 15. öld hið minnsta, en það tímabil köllum við gjarnan ensku öldina.

Öskuhaugurinn er mjög mikill að umfangi og bendir til þess að búseta hafi verið á staðnum í langan tíma. Hann er mjög einsleitur að innihaldi, en engar greiningar voru gerðar á innihaldi hans aðrar en sjónrænar. Áhugavert er að lítið var af viðarkolum í haugnum, en þeim mun meira af brenndum beinum, sóti og ösku.

Það er mat höfundar að ef ekki er hægt að tryggja öryggi yngri minjanna sé engra mótvægisáðgerða þörf. Þær sem þurfa mótvægisáðgerða við sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra eru brunnurinn, gamli bærinn og öskuhaugurinn. Að mati höfundar ættu mótvægisáðgerðir við brunninn og gamla bæinn að vera heildarransnóknir, en á öskuhaugnum hlutarannsókn. Hlutarannsókn gæti falist í að 2–3 m langur skurður yrði handgraffinn frá vestri til austurs þvert á skurðinn. Minjastofnun Íslands hefur lokaorðið.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna skipulags í Vestmannaeyjum, Miðgerði (Stóra-Gerði)*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2023.

Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund 1967.

Íslenskt fornbréfasafn. Hið íslenska bókmentafélag. Áttunda bindi 1261–1521. Reykjavík 1906–1913.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gefin út af Hinu íslenska fræðafélagi í Kaupmannahöfn með styrk frá Stofnun Hjelmstjerne-Rosencrones greifa. Fyrsta bindi. Kaupmannahöfn 1913–1917.

Manntal á Íslandi árið 1703. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. Reykjavík 1924–1947.

Orri Vésteinsson. „Eldhús, baðstofa og búr. Húsakostur í Hvolhreppi 1830–1920.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 2006–2008*. Reykjavík 2008. Bls. 199–218.

Bréf minjavarðar Suðurlands. Efni: Miðgerði. Fornleifarannsókn vegna gatnagerðar. 22. des. 2020.

heimaslod.is Ritverk Árna Árnasonar. Um fylatekjur í Vestmannaeyjum.

Tæknilegar upplýsing**Rannsóknarstaður:**

Stóragerði í Vestmannaeyjum

Hnit:

E 436827 N 326214

Verkkaupandi:

Vestmannaeyjabær.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi dags.

1. mars 2023.

Leyfisnúmer:

202302-0104.

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands:

2023-3.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Jakob Orri Jónsson, fornleifafræðingur.

Sigþór Bjarni Geirsson fornleifafræðinemi.

Þorgerir Eiríksson gröfu- og aðstoðarmaður.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands (hörð grisjunarstefna viðhöfð).

Greiningar:

Engar.

Rannsóknartími:

12. – 25. apríl 2023.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Um 100 m².

Um 46 m³.

Geymsla gagna:

Þjóðminjasafn Íslands.

Skýrsla hjá:

Minjastofnun Íslands, Vestmannaeyjabæ, Fornleifafræðistofunni og Þjóðarbókhöðunni.

Fylgirit

1 Fundaskrá

bls. 14

2 Drónamyndir

bls. 19

3 Stafrænar myndir

bls. 23

3 Sýnaskrá

bls. 29

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
1	13.4.2023	Leirtau og flís	Leir	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
mildir/Athugasemdir	x	-	-	I
Fannst í skurði I við yngsta bæinn. Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
3	13.4.2023	Gler (rúðu-flösku)	Gler	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			I
Fargað.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
5	13.4.2023	Flaska, rúðugler,	Gler	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			4
Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
7	13.4.2023	Naglar, járn	Járn	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			2
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
9	13.4.2023	Rúðugler	Gler	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			3
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
11	13.4.2023	Tinna	Tinna	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			4
Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
13	12.4.2023	Bein (fugl og)	Bein	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir		4		
Í öskuhaugi. Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
2	13.4.2023	Steinkol (kox)	Tré	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			I
Fargað.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
4	13.4.2023	Brúsi, skæri, naglar,	Járn, ál	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			I
Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
6	13.4.2023	Leirtau	Leir	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			2
Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
8	13.4.2023	Rúðu- og flöskugler	Gler	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			2
Fargað.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
10	13.4.2023	Leirtau	Leir	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			4
Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
12	13.4.2023	Nagli, hespa, járn	Járn	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir	x			4
Fargað.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2
14	12.4.2023	Leirtau	Leir	3
Teg. mannvirkis				
		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y
Heimildir/Athugasemdir		4		
Fannst neðan við miðju í öskuhaug. Varðveitt.				
				

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
15	12.4.2023	Leirtau	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Fannst í öskuhaug. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
17	14.4.2023	Tinna	Tinna	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Í öskuhaugi. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
19	13.4.2023	Bein (skepnur)	Bein	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Í öskuhaugi. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
21	13.4.2023	Flöskugler	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Austan við steyptan vegg. Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
23	14.4.2023	Leirta	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		8			
Allt sem fannst í holunni er ungt sbr. ljósmynd af hjóli. Þar var einnig bárujárn. Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
25	13.4.2023	Teinn, meitill?	Járn	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Fannst vestur af steypu. Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
27	17.4.2023	Bein (fiskur, fugl og)	Bein	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Úr öskuhaug. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
16	13.4.2023	Kalk/kalksteinn	Kalk	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Í öskuhaugi. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
18	14.4.2023	Bein (fugl, fiskur)	Bein	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Öll brennd. Úr öskuhaug. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
20	13.4.2023	Járn (handfang?, járn)	Járn	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Austan við steyptan vegg. Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
22	13.4.2023	Krús	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Austan við steyptan vegg. Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
24	13.4.2023	Leirta	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Fannst vestur af steypu. Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
26	14.4.2023	Gler (rúðu-, flösku-)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
28	17.4.2023	Leirtau	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Úr öskuhaug. Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
29	17.4.2023	Kritarpipa	Hvitleir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		4			
Úr öskuhaug, um 0,65 m undir yfirborði. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
30	18.4.2023	Brýni	Flöguberg	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		x		I	
Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
31	18.4.2023	Steinkol (kox)		3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					I
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
32	17.4.2023	Krús	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		x		4	
Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
33	17.4.2023	Gler (flaska)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		x		4	
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
34	17.4.2023	Gler (flaska)	Gler'	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					2
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
35	17.4.2023	Bein (kjálki og	Bein	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		5			
Í öskuhaugi. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
36	17.4.2023	Leirtau (bolli,	Leir og postulin	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		-			
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
37	17.4.2023	Öryggi	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		-			
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
38	17.4.2023	Gler (vasi)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		-			
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
39	17.4.2023	Járn	Járn	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					2
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
40	17.4.2023	Steinar	Steinn	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir		x		I	
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
41	17.4.2023	Gler (rúðugler)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					I
Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
42	17.4.2023	Leirtau	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					3
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
43	17.4.2023	Patróna (skothyllki)	Brons	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
x				2	
Heimildir/Athugasemdir					
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
45	18.4.2023	Leirtau	Leir	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
Heimildir/Athugasemdir					
Sumt skreytt. Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
47	18.4.2023	Járn (ketill?)	Járn	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
					I
Heimildir/Athugasemdir					
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
49	19.4.2023	Gler (flöskugler)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
					2
Heimildir/Athugasemdir					
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
51	17.4.2023	Gler (rúðugler)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
x				I	
Heimildir/Athugasemdir					
Lenti í slysi, bill útaf. Týnt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
53	21.4.2023	Viður	Tré	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
					2
Heimildir/Athugasemdir					
Fargað.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
55	21.4.2023	Brýni	Flöguberg	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
					3
Heimildir/Athugasemdir					
Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
44	18.4.2023	Gler (flöskugler)	Gler	3	
Teg. mannvirkis		Nr. lags	Hnit X	Hnit Y	Hnit Z
					I
Heimildir/Athugasemdir					
Varðveitt.					

Nr.	Fundardagur	Heiti	Efni	Safnnúmer B2	
46	18.4.2023	Bly	Bly	3	
